Stjórnarfundur FEB nr. 527 þriðjudaginn 6. okt. 2026 kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Guðrún Bergmann, Sigrún Unnsteinsdóttir, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir.
Mættir varamenn: Kristján Guðmundsson og Hörður Hilmarsson.

Fjarverandi: Jóhann Gunnar Ásgrímsson varamaður.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna - Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
   Fundarmenn samþykktu og undirrituðu fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. **Fréttir af formannafundi LEB sem haldinn var á Siglufirði í sept. 2026**
   Formaður skýrði frá því helsta sem fram fór á fundinum.
   Fundinn sátu yfir 40 formenn félaga eldri borgara um land allt ásamt gestum. Þar voru m.a. kynningar ætluðum nýjum formönnum - tengdum tækni og því til hvers LEB ætlast af formönnum félaganna. Auk þess sem starfsemi LEB var kynnt og farið yfir þau verkefni sem LEB hefur afgreitt síðustu vikur og mánuði. Þar kom m.a. fram að LEB hefur verið meira áberandi í fjölmiðlum en áður, mikið er leitað til sambandsins um að fá fulltrúa þess á fundi og í viðtöl og einnig er mikið leitað til sambandsins af aðildarfélögum þess. Þá var farið yfir stöðu öldungaráða á landsvísu og starfsemi þeirra á einstöku stöðum. Einnig voru kynntar niðurstöður könnunar sem LEB stóð fyrir f.h. félaganna en þar voru félagsmenn félaganna svarendur. Markmið könnunarinnar var að reyna að fanga hvar félögin gætu gert betur og þá ekki síst fyrir yngri félagsmenn.
   Helstu niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á stjórnarfundi FEB. Fram kom gagnrýni á framkvæmd könnunarinnar.
   Í framhaldi af umræðunni af öldungaráðunum upplýsti Ástrún að starfshópur sá sem stofnaður hafði verið um stöðu öldungaráða á landsvísu og hún var formaður fyrir, hefði lokið störfum. Ástæðan er sú að lokið hefur verið við skipan öldungaráða hjá flestum sveitarfélögum landsins. Sex sveitarfélög hefðu ekki enn stofnað öldungaráð, tvö þeirra yrðu stofnuð á næstu dögum og væri það síðan á borði starfsmanna LEB að vinna með hinum fjórum.

3. **Kynning á umsögn LEB á vegna fjárlaga 2027**
   Formaður kynnti umsögn LEB um fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2027.
   Meginathugasemdir sambandsins voru gerðar við framkomnar fyrirætlanir um hækkun kílómetragjalds og fyrirhugaðar breytingar á skattleysis- og skattþrepamörkum.

4. **Fjölmiðlaumræðan um notkun geðlyfja á hjúkrunarheimilum**
   Formaður fór yfir umræðu í kjölfar Kveiks um notkun geðlyfja á hjúkrunarheimilum. Nokkur umræða fór fram um málið. Framkvæmdastjóri vakti athygli á að þann 12. nóvember ætlar LEB að standa fyrir málþingi sem ber heitið „Lyfjasúpan".

5. **Starfsemi og afkoma FEB fyrstu 9 mán. 2026 – óendurskoðuð**
   Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi og afkomu FEB á fyrstu níu mánuðum ársins.

6. **Starfmannamál FEB**
   Framkvæmdastjóri fór yfir ýmsar hugmyndir um hvernig hægt er að ná í auknum mæli til nýrra og/eða yngri félagsmanna. Stuðst var í því sambandi við niðurstöður könnunar sem LEB lét gera fyrir félögin.
   Framkvæmdastjóri fór síðan yfir nokkrar hugmyndir um breytingar á starfsemi félagsins til að aðlaga hana betur að þeim verkefnum sem fyrirhugað er að taka upp.
   Framkvæmdastjóri óskaði í framhaldinu eftir heimild til að ráða í eitt stöðugildi til að mæta sívaxandi umsvifum félagsins.
   Stjórn félagsins samþykkti að gefa framkvæmdastjóra heimild frá og með 6. október til að ráða starfsmann í 100% starf samkvæmt tillögu formanns.

7. **Önnur mál**

   a. Hörður Hilmarsson ræddi um nauðsyn þess að fá samanburð við önnur norræn ríki á ýmsum atriðum sem varða hagsmuni eldra fólks.
   b. Formaður upplýsti um svör tveggja tryggingafélaga vegna breytts fyrirkomulags ferðatrygginga eldra fólks (60+). Von er á svörum frá fleiri tryggingarfélögum um þetta efni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.
Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson